



## SVAR

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Ólafur Sólimann Helgason, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

---

**Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um öryggi upplýsingatækni innviða**

Á fundi stafræns ráðs þann 23. ágúst 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 8. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Vísað er til 3. liðar fundargerðar stafræns ráðs frá 10. maí þar sem fram ferð kynning á öryggi upplýsingatækni innviða. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um ástæður þess að Reykjavíkurborg er svo skammt á veg komin með innleiðingu skýjaþjónustu eins og Microsoft 365 miðað við bæði ríkið og mörg fyrirtæki á einkamarkaði? Einnig er óskað upplýsinga um hvernig öryggi upplýsingatækni innviða er nú háttað í Reykjavíkurborg eftir að staða öryggisfulltrúa sviðsins var lögð niður árið 2020. Hver ber nú ábyrgð á úttekt og eftirliti ISO 27001 eins og er í ljósi þess að enn er verið að að kynna “forgangsröðun og flokkun kerfa eftir mikilvægi.” Hver er staðan á allri þessari flokkun og greiningu kerfa Reykjavíkurborgar sem búið er að minnast á í öðrum kynningum sviðsins undanfarin ár og hvenær áætlað að þeirri vinnu ljúki?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 4. september 2023.

**Svar:**

*Vísað er til 3. liðar fundargerðar stafræns ráðs frá 10. maí þar sem fram ferð kynning á öryggi upplýsingatækni innviða. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um ástæður þess að Reykjavíkurborg er svo skammt á veg komin með innleiðingu skýjaþjónustu eins og Microsoft 365 miðað við bæði ríkið og mörg fyrirtæki á einkamarkaði?*

Framgangur á innleiðingu við skýjalausnina Microsoft 365 til notenda er ekki til umfjöllunar í kynningunni sem vísað er í. Því er vísað á bug að Reykjavík sé skemmra á veg komin í innleiðingu skýjaþjónustu en algengt er á einka- eða opinberum markaði. Sú fullyrðing stenst ekki skoðun og hlýtur að byggja á misskilningi eða úreltum upplýsingum. Reykjavíkurborg er þvert á mótí framarlega í innleiðingu á t.d. skýjalausninni Microsoft 365 til notenda og nefna má að meðfram þeirri innleiðingu hefur farið fram fræðsla um möguleika lausnarinnar og hagræðið sem felst í að nýta innifalda þjónustu frekar en að kaupa viðbótarþjónustu.



*Einnig er óskað upplýsinga um hvernig öryggi upplýsingatækni innviða er nú háttað í Reykjavíkurborg eftir að staða öryggisfulltrúa sviðsins var lögð niður árið 2020. Hver ber nú ábyrgð á úttekt og eftirliti ISO 27001*

Vísað er í kynningu hjá stafrænu ráði 10. maí sbr. 3. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

„Úttektum og vinnu við öryggisúttektir og viðhald á stöðlum á borð við ISO 27001 er úthýst til þriðja aðila. Skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu ber ábyrgð á fylgja því eftir og er undir innra eftirliti til að tryggja að slíkt sé gert.“ Það er mat sviðsins að öryggi upplýsingatækniinnviða hafi verið aukið umtalsvert með þessari breytingu.

*Hver er staðan á allri þessari flokkun og greiningu kerfa Reykjavíkurborgar sem búið er að minnst á í öðrum kynningum sviðsins undanfarin ár og hvenær áætlað að þeirri vinnu ljúki?*

Forgangsröðun og flokkun kerfa er síbreytileg í jafn flóknu upplýsingatæknilandslagi og er hjá Reykjavíkurborg og hluti af því að tryggja öryggi er að hafa slíkt í sífelldri skoðun. Tryggir það uppfærð vinnubrögð og viðbragð þegar á þarf að halda t.d. við frávik og öryggisbresti. Af því hlýst sparnaður, þar sem reynt er að minnka öll mistök eða rangt viðbragð þegar eitthvað kemur upp. Þá er nánast undantekningarlaust spurt um mikilvægi og flokkun kerfa þegar kemur að því að koma kerfunum í hýsingu þar sem kostnaður er mismunandi eftir því hvar kerfi eru staðsett í slíku mati. Ástæður fyrir því að þetta er reglulega kynnt er til að upplýsa um að vinna við viðhald á stöðlum, hagræðingu og kröfum nútíma tölvukerfa sé fullnægjandi.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Ólafur Sólímán Helgason,  
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu